




Háteigur



14. árgangur 2. tbl.

26. febrúar 2010

ÍPRÓTTAHÁTÍÐ 9. OG 10. MARS

<http://hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Í síðustu viku fór hópur starfsmanna til Akureyrar í námsferð sem var hluti af endurmenntun kennara og starfsfólks. Stéttarfélag starfsmanna greiddu fyrir ferðina. Nokkrir almennir starfsmenn sem áttu ekki heimangengt heimsóttu Fossvogsskóla sem er grænfánaskóli og kennarar sóttu ráðstefnu á vegum Menntasviðs Reykjavíkur á öskudag. Endurmenntun á sér tvær hliðar. Annars vegar snýst hún um að efla sameiginlega reynslu starfsmanna og hins vegar að auka við þekkingu hvers og eins. Ferð eins og sú sem var farin til Akureyrar krefst mikillar skipulagningar og undirbúningstími er langur. Við byrjuðum að skipuleggja skóladagatal 2009 til 2010 á vordögum 2009 og færðum þá til tvo starfsdaga til að skapa svigrúm fyrir námsferð. Þá var sett saman nefnd sem vann að skipulagi og samsetningu ferðarinnar. Það verður ekki annað sagt en að námsferðin hafi tekist einstaklega vel. Það er margt sem situr eftir í hugskotinu og eftir því sem lengra líður verður lærdómurinn augljósari og tekur sér bólfestu og hefur áhrif á störf okkar. Mér er efst í huga samstaðan og starfsgleðin og hversu vel skipulagið gekk. Varðandi inntakið og lærdómna þá þótti mér nálgun Hrafnagilsskóla mjög áhugaverð þó að ég sé ekki viss um á þessari stundu hvort að ég væri til í að fara sömu leið. Nemendur á yngsta og miðstigi kyrja skólaheitið á hverjum morgni; „Ég kem í skólann til að læra og nýta hæfileika mína til fulls.“ Svo er tekin siðferðileg umræða og sameiginlegur söngur. Hugmyndin er ættuð frá Indlandi úr grunnskóla þar sem í eru þúsundir barna. Með því að hafa þetta yfir er hugmyndin að móta sameiginlega hugsun og sýn. Ég er sannfærður um að þetta er mikilvægt í milljónaþjóðfélagi en ekki sannfærður um að þetta eigi við á Íslandi. Hrafnagilsskóli er hins vegar alveg augljóslega frábær skóli þar sem starfslið er einhuga, hefur sterka sýn og framfylgir henni. Móttökurnar voru hlýlegar og skólastjóri fór vel yfir hugmyndafræði skólans í fyrirlestri sínum. Það er ekki hægt að segja frá fleiru frá Akureyri í stuttum pistli.

Þeim sem fóru í Fossvogsskóla þótti áhugavert að þar voru engir skólaliðar og ræstingafólk kemur síðdegis til að ræsta. Einnig var áhugavert að sjá umhverfisáherslur og endurvinnslu. Ég heyrði síðan af áhugaverðum fyrirlestri um starfsgleði sem var á ráðstefnu Menntasviðs á öskudaginn og

munum við skoða hann nánar. Ég hvet alla sem áhuga hafa að kynna sér vettvangsferðina til Akureyrar nánar, en upplýsingar ásamt myndum eru á heimasíðu skólans.

Nemendur koma endurnærðir og hvíldir aftur til starfa í góða veðrinu. Það hefur oft brunnið við að hópur nemenda hafi verið svolítið úrillur eftir vetrarleyfi en nú eru allir í góðu formi.

Það er tilhlökkun fyrir miðstigið að taka þátt í skólaleikum Vals þriðjudaginn 9. mars en í fyrra vann skólinn stóran og mikinn farandbikar sem var sóttur nú í vikunni. Það hlýtur því að vera kappsmál að sækja bikarinn aftur því að hann var glæsilegur þar sem hann stóð í glerskápnum á ganginum. Íþróttahátíð á yngsta stigi er daginn eftir. Þetta eru skemmtilegir viðburðir sem lífga upp á skólalífið.

Með kveðju,
Ásgeir Beinteinsson,
skólastjóri

Göngum vel um!

Er jörðin hrein? Nei!

Er hún menguð? Já!

Er jörðin leikfang? Nei!

Á að höggva tré? Nei! Ekki höggva!

Ekki henda rusli út í sjóinn!

Einar Már Másson, 4. bekk

Viðhorf foreldra til Háteigsskóla

Nú liggja fyrir niðurstöður úr könnun á viðhorfi foreldra til skólans. Þetta er í ellefta sinn sem viðhorf foreldra er kannað. Niðurstöður koma vel út fyrir skólasamfélagið allt, börnunum virðist líða vel og foreldrar ánægðir. Nokkrar ábendingar bárust um hluti sem mættu betur fara og verða þær teknar til athugunar á næstunni.

Áhugasamir geta skoðað niðurstöðurnar á heimasíðunni undir Foreldrar/Viðhorf foreldra. Eins eru þar bornar saman niðurstöður árána 2002 - 2010.

Ljóð um veður

Úti er kaldur snjór og lóan er hætt að syngja.

Þúðursnjórinn lekur löturhægt niður mengaðar göturnar, englar liggja í snjónum og snjókarlar vaka yfir þeim.

María Ása Auðunsdóttir, 5. bekk

Hér er ég


Hér er ég,
ég er hér.
Komdu nú og sjáðu nú
hvað kemur út.

Það er hún
sem kemur út.
Þarna er hún.
Björk Alexandra Viðarsdóttir, 7. bekk

Veikindaskráning foreldra í Mentor

Foreldrar geta skráð veikindi barna sinna beint í Mentor í stað þess að hringja í skólann að morgni. Þegar okkur berst slík skráning þurfum við fyrst að samþykka hana svo hún verði virk í kerfinu. Þá fer sjálfkrafa tilkynning í tölvupósti til aðstandenda um að veikindaskráningin hafi verið samþykkt. Skráningin færir jafnframt inn á nemendaspjald nemandans undir flípanum ástundun og kemur fram í öllum ástundunar-skýrslum. Foreldrar geta skráð veikindi fyrir daginn í dag og morgundaginn. Vonandi verður þetta til bóta fyrir alla og sparar tíma. Foreldrum verður þó að sjálfsgöðu heimilt að hringja inn veikindi eins og áður.

Ljóð um snjóhús eftir Þórdísi Helgadóttur í 7. bekk:



Hvernig er að vera unglingur í dag?

Sjö nemendur í 9. bekk taka þátt í fjölþjóðlegu verkefni á vegum Háteigskirkju í samstarfi við „Evrópu unga fólksins“ á þessu ári. Þátttakendur eru alls 50, frá Íslandi, Ítalíu, Litháen og Tyrklandi. Tilgangur verkefnisins er að leiða saman unglunga frá þessum löndum þar sem trúarbrögð, menning, tíska, tónlist og aðstæður eru ólíkar. Dagana 23. – 30. janúar voru erlendu þátttakendurnir hér í heimsókn og komu þeir m.a. í skólann til að skoða. Næsti fundur verður á Ítalíu í apríl og síðan endað í Tyrklandi í haust.

U beygja

1. Ég gerði þetta sem ekki ég mátt ég er að detta verð að finna átt.
2. Var of sein og datt hratt niður er hér alein enginn er hér klišur.
3. Fór þvert yfir strikið það var of mikið því mikið miður svo stórt var atvikið.
4. Ég klessti á vegg og hann brotnaði eins og soðið egg og ég sofnaði.
5. Svo mikið að gerast týpískt Reykjavík allir að berjast enginn getur staðið einn.
6. Tók u beygju það var ekki rétt allt í einni teygju ekkert er nú létt!

Móeiður Svala Magnúsdóttir, 7. bekk

Matarlyst

Brauð, kál og tómatur
gera saman samlokur.
Hrísgjón og hrár fiskur
eru frábær diskur.

Þegar ég borða tortilla
þá fer ég að chilla.
Þegar ég borða humar
þá er komið sumar.

Þegar ég er sjúklingur
líður mér eins og kjúklingur.
Lakkrís og rís
er gott að fá á ís.

Er ég sendi fax
þá vil ég fá lax.
Hundurinn minn heitir Rex
og hann vill fá kex.

Ég er með góða matarlyst
en best finnst mér að fá brauð í rist.

Eglé, Drífa og Góa í 7. bekk

Ópera um jörðina

Nemendur 1. – 4. bekkjar eru að vinna að frumsaminni óperu um jörðina okkar. Árgangamir hafa skipt með sér verkum og hafa samið leik- og söngatriði um hversu miklu máli skiptir að við verndum jörðina okkar. Áætlað er að verkið verði sýnt á barnameningarhátíð Reykjavíkurborgar sem verður dagana 17. – 25. apríl nk. Þá mun Gospelkór Háskólans í Reykjavík taka þátt í flutningi óperunnar með börnunum. Verkinu stjórna Rannveig B. Þorkelsdóttir leiklistarkennari og Elín Halldórsdóttir tónmenntakennari. Einnig vinna börnin við búninga í Frístund undir stjórn Ragnheiðar Eyjólfssdóttur verkefnastjóra, en hún er fatahönnuður að mennt. Við hlökkum mikið til að sjá afraksturinn af þessu gríðarstóra verkefni.

Bull og vitleysa

Trén vaxa
sagir saxa
trén niður
heyrst klišur
því miður.
Vindar blása
kaffipása
óhrein tása
á litlu barni
þar vex kjarni.
Bein og skel
frá Jóa Fel
sem eldar mat
í vaskafat.
Hann sest í stól
og heldur jól
þótt það sé sumar
í forrétt humar.
Tunglið skín
svínið hrín
sólin hitnar
kindin fitnar
grasið svitnar
af dýralátum
og stelpuhnátum.

Afi kveikir pípu á
fuglinn flýgur hjá
og hrafninn fer á stjá
og stelur gulli manni
frá
sem stingur hrafninn
með þriforki,
á, á.
Þæfa, þæfa
góð kæfa
sem er á brauði
með fiskifrauði
það var sá rauði
sem sat á sauði
hann var blindur
sem elskar kindur
sérstaklega hún Fjóla
sem er að rokk' og
róla
og að spóla og spóla.
Málið var rætt
og ákveðið var
að þulan er hætt!

Anna, Birna og Nína í 7. bekk



Spakmæli mánaðarins:



Sá einn tapar í raun
sem hættir að reyna.